ilinn“* (aðfinnslurnar) að ykkur, hrökkvið þá ekki undan og farið ekki að hljóða. Í öllum bænum segið ekki, að þið viljið heldur vera kræklingar alla ykkar æfi og bera væskilslega og vilta ávexti, heldur en að þola sársauka ofur litla stund, af „sniðlinum“.

---

## NÝIR LJÓSGEISLAR.

Bráðum er búist við að út komi *Ljósgeislar II.* Hinir fyrri eru uppseldir. Þeir fengu ágætar viðtökur; enda var engin ástæða til annars en að taka þeim vel. Enn þá minni ástæða verður til þess að taka nýju „Ljósgeislunum“, sem nú eiga að koma, öðru vísi en vel. Enda er eg viss um, að þeim verður fagnað stórkostlega af öllum, bæði ungum og gömlum, þegar þeir sýna sig. Eg tel það stórkostlegt happ fyrir okkur Íslendinga, að eignast önnur eins spjöld og þessi á íslenzku handa börnunum okkar. Við höfum átt svo lítið af því tagi handa þeim, og *aldrei neitt jafn-fallegt.* Þetta er ekkert skrum. Þau munu bera sér sjálf vitni, spjöldin. Það eru litmyndir. Myndin öðrum megin, en lexían hinum megin, eins og á fyrri „Ljósgeislunum“, en aðrar myndir og aðrar lexíur. Verðið er búist við að verði 15c., þegar 5 eintök eru tekin í einu eða fleiri (52 spjöld í hverju eintaki), annars 20c. Pantanir ættu að sendast þegar til ritstjóra „Barnanna“. En borgunin verðr að fylgja þeim.

---

*) Verkfæri, sem lim er höggvið af með.

---

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address*: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.

---

Hr. *Sigrbjörn Á. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.